

Sigurður Þórðarson

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla á Íslandi

1. Tilefni innleiðingar IAS

Á undanförunum áratugum hefur átt sér stað síaukin alþjóðavæðing í viðskiptum, og nú er orðið afar algengt að fyrirtæki reki útibú eða dótturfyrirtæki í öðrum löndum, taki þátt í alþjóðlegum útboðum eða skrái sig á erlendum hlutabréfamörkuðum. Vegna þessa -- og einnig vegna þeirra fjármála- og bókhaldshneyksla sem komið hafa fram í dagsljósið á síðustu árum, einkum í Evrópu og Ameríku, -- hafa kröfur aukist um alþjóðlega samræmingu reikningsskilastaðla. Í þessu felast m.a. ríkari kröfur um að fyrirtæki notist við eitt safn viðurkenndra og alþjóðlegra samræmdra staðla þegar þau semja reikningsskil sín, svo að þau veiti hluthöfum, fjárfestum og lánardrottnum skýrar, áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar um rekstur og stöðu fyrirtækjanna sem auðvelt er að meta á sjálfstæðan og faglegan hátt. Hugmyndin er með öðrum orðum sú að öll sambærileg fyrirtæki hvar sem er í heiminum noti sömu reikningsskilastaðla og að það sé því hægt að bera þau saman innbyrðis. Allt stuðli þetta að greiðari og öruggari fjármagnsflutningum milli aðila og landa.

Félög löggiltra endurskoðenda víða um heim hafa lengi sýnt þessu málefni áhuga og árið 1973 stofnuðu slík samtök 10 þjóða Alþjóða reikningsskilanefndina (*International Accounting Standards Committee*) til að semja og gefa út alþjóðlega reikningsskilastaðla. Alls gaf nefndin út 41 staðal og eru þeir auðkenndir sem IAS-staðlar (þ.e. *International Accounting Standards*). Um mitt ár 2001 tók Alþjóða reikningsskilaráðið (*International Accounting Standards Board*) við störfum nefndarinnar og hefur síðan borið ábyrgð á samningu og þróun alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Þeir staðlar sem ráðið hefur nú þegar samið eða mun semja í framtíðinni verða auðkenndir sem IFRS-staðlar (þ.e. *International Financial Reporting Standards*). Þriðji aðilinn sem unnið hefur mikið starf í þessu sambandi er Bandaríska reikningsskilaráðið (*Financial Accounting Standards Board*) sem setur bandarískum fyrirtækjum reglur til að fara eftir við gerð reikningsskila. Staðlar þess eru auðkenndir sem GAAP-staðlar (þ.e. *Generally Accepted Accounting Principles*).

Stjórnvöld víða um lönd hafa einnig sýnt þessum málum áhuga og 13. júní árið 2000 birti framkvæmdastjórn Evrópuráðsins orðsendingu þess efnis að öll félög í bandalaginu sem skráð eru í kauphöllum í einhverju aðildarríkjanna skuli ganga frá samstæðureikningsskilum sínum í samræmi við eitt safn alþjóðlegra viðurkenndra reikningsskilastaðla í háum gæðaflokki. Sérstaklega var vísað til staðla Alþjóða reikningsskilanefndarinnar (IAS) í því samhengi. Tveimur árum síðar, eða hinn 19. júlí árið 2002, samþykktu Evrópuþingið og ráðið svo reglugerð 1606/2002 sama efnis. Þar kemur einnig fram að tilgangurinn með innleiðingu alþjóðlegra reikningsskila- staðla sé að tryggja að fyrirtæki veiti skiljanlegar, mikilvægar, áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar um afkomu sína og efnahag og bæta þannig starfsemi innra markaðarins. Sérstaklega er lögð áhersla á þau markmið að stuðla að skilvirkum og kostnaðarhagkvæmum fjármagnsmarkaði, auka samanburðarhæfni fyrirtækja, vernda hagsmuni fjárfesta og viðhalda trausti á fjármagnsmörkuðum.

Samþykkt Evrópuþingsins mun taka gildi 1. janúar 2005 og ná til um það bil 7.000 félaga sem skráð hafa hlutabréf sín í kauphöllum innan Evrópusambandsins, en til samanburðar má geta þess að nú munu einungis tæp 300 félög innan bandalagsins beita stöðlunum. Það er því ljóst að samþykktin mun hafa veruleg áhrif á reikningsskil fjölmargra félaga sem þurfa að breyta gerð þeirra frá og með næstu áramótum. Til að fá samanburðartölur þurfa félögin auk þess að leggja fram tölur fyrir árið 2004 samkvæmt nýju stöðlunum. Samkvæmt reglugerðinni fá þessi félög ekki frest til að taka upp alþjóðastaðlana, en félög sem hafa skráð skuldabréf í kauphöllum Evrópu- sambandslanda og semja samstæðureikninga fá tveggja ára frest til að innleiða þá eða til 1. janúar 2007. Í samþykkt Evrópuþingsins er einnig gert ráð fyrir að öll skráð fyrirtæki, hvort sem þau teljast móðurfélög eða ekki, fylgi þessum stöðlum við gerð ársreikninga frá og með árinu 2009.

Auk Evrópusambandslandanna munu meira en 70 önnur ríki annaðhvort skylda fyrirtæki eða veita þeim heimild til að nota alþjóðastaðlana frá og með árinu 2005 og verður Ísland þar á meðal. Reglugerð Evrópuþingsins kemur þannig til með að hafa lagagildi hér á landi, enda hefur hún verið felld inn í EES-samninginn, og mun fjármálaráðherra í framtíðinni birta með reglugerð þá staðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins staðfestir.

Með innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna má segja að í fyrsta sinn sé komið á fót hér á landi heildstæðu regluverki fyrir reikningsskil fyrirtækja. Telja verður að þetta sé mikið framfaraspor frá því sem nú er fyrir alla þá sem starfa við gerð reikningsskila, endurskoðun þeirra og þá ekki síður fyrir þá sem annast menntun á þessu sviði, en ljóst er að Íslendingar munu verða að gera sambærilegar kröfur og aðrar þjóðir um löggildingarnám endurskoðenda og endurmenntun þeirra. Þá þurfa allir þeir sem koma að því að semja reikningsskil að vera vel að sér um efni staðlanna.

2. Alþjóðanefndin

Eins og áður var sagt hefur Alþjóða reikningsskilaráðið séð um þróun, samningu og útgáfu alþjóðlegra reikningsskilastaðla frá miðju ári 2002. Ráðið byggir þó að talsverðu leyti á stöfum fyrirrennara síns, Alþjóða reikningsskilanefndarinnar. Það tók nánast óbreytt upp 12 af þeim 41 staðli sem nefndin hafði samið og gefið út á árunum 1973 til 2000 og samþykkti Evrópuráðið að innleiða þá í september 2003. Auk þess endurskoðaði ráðið 15 aðra staðla nefndarinnar að meira eða minna leyti og gaf þá út í desember 2003. Evrópuráðið hefur samþykkt að innleiða 13 þeirra en lagt til að tveir verði endurskoðaðir vegna athugasemda sem fram hafa komið vegna þeirra. Þetta eru staðlarnir IAS-32 og IAS-39 sem fjalla um fjármálaskjöl en stefnt er að því að þeir verði sem fyrst gefnir út í endurskoðaðri gerð.

Að auki hefur Alþjóða reikningsskilaráðið samið og gefið út fimm nýja staðla sem ýmist koma í stað eldri staðla sem reikningsskilanefndin hafði áður samið eða taka á viðfangsefnum sem nefndin hafði ekki fjallað um. Framkvæmdastjórn Evrópu-sambandsins hefur nú þegar samþykkt tvo þeirra og mun væntanlega taka endanlega ákvörðun um hina þrjá í næsta mánuði. Alls verða því 27 til 30 staðlar, ásamt ítarlegum túlkunum Alþjóða reikningsskilaráðsins á þeim, lagðir til grundvallar vegna reikningsskila ársins 2005. Aðrir staðlar, nýir eða endurskoðaðir, verða af fá formlegt samþykki Evrópusambandsins áður en þeir taka gildi.

Við gerð þeirra staðla sem nú hafa verið samþykktir hefur Alþjóða reikningsskilaráðið leitast við að móta eitt heildstætt og samræmt reglukerfi þar sem settar eru almennar grundvallarreglur við gerð reikningsskila. Í anda þessara reglna á einnig að vera hægt

að leysa úr þeim vanda sem kann að skapast ef beina reglu skortir í staðlana um tiltekið efni.

Ljóst er þó að þessi mál verða ekki komin í endanlega höfn með innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna 1. janúar 2005. Búast má við stöðugum endurbótum á þeim og auk þess nýjum stöðlum og nýjum túlkunum á efni þeirra. Af þessum sökum er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld móti verklag um það hvernig slíkum endurbótum verði komið í framkvæmd hér á landi, svo sem hvernig staðlar verði þýddir og þeim komið á framfæri til þeirra sem málið varðar. Einnig þarf að skapa aðstöðu til slíkra verkefna.

3. Viðfangsefni stjórnvalda v/þpþtöku IAS

A) Lögfesta tilskipun EB

Í samræmi við lög og bókanir um Evrópska efnahagssvæðið liggur fyrir að Íslendingar munu lögleiða reglugerð Evrópusambandsins um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Ákvæði hennar munu því fá lagagildi hér á landi á sama tíma og í bandalagslöndunum. Haustið 2000 var hafist handa við það á vegum fjármálaráðuneytisins að endurskoða lög um ársreikninga nr. 144/1994 með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur innan Evrópusambandsins og hefur lögunum verið breytt tvívegis í framhaldi af því. Haustið 2003 skipaði fjármálaráðuneytið svo vinnunefnd til að sjá um innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins í heild sinni og hafa yfirumsjón með verkinu. Nefndinni var m.a. ætlað að taka afstöðu til ýmissa álitamála, svo sem gildissviðs reglugerðarinnar, þ.e. hvort skylda ætti aðra aðila en kauphallarskráð fyrirtæki með samstæðureikningsskil til að nota staðlana við samstæðureikningsskil og/eða gerð ársreikninga eða heimila þeim notkun þeirra. Þá var nefndinni einnig ætlað að taka til umfjöllunar hvernig haga skuli eftirliti með framkvæmd reglugerðarinnar og hvort nýta skuli heimild um að tilteknir fyrirtækjahópar fái undanþágu til ársins 2007 að taka upp staðlana. Með tillögur þessarar nefndar til hliðsjónar lagði fjármálaráðherra frumvarp um breytingu á lögum um ársreikninga, með síðari breytingum, fyrir Alþingi til kynningar hinn 28. apríl 2004.

Í þessu frumvarpi er leitast við að samræma íslensku ársreikningalögin frá 1994 reglugerð Evrópusambandsins á þessu sviði. Þar er m.a. gert ráð fyrir að félög sem hafa verðbréf eða hlutabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skuli beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings síns og ársreiknings frá og með 1. janúar 2005. Öllum öðrum félögum sé hins vegar heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð reikningsskila sinna, óháð því hvort þau gera samstæðureikningsskil eða hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þessi félög skulu þá beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum bæði við gerð samstæðureiknings og ársreiknings. Til bráðabirgða er einnig sett það ákvæði að félögum sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings og sem eingöngu hafa skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki skylt að beita stöðlunum fyrr en 1. janúar 2007.

Í frumvarpinu er kveðið á um að félög sem beita alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum skuli fylgja þeim í einu og öllu og skuli staðlarnir ganga framar þar sem þeir mæla fyrir um sama atriði og lög um ársreikninga. Þá er lagt til að ársreikningaskrá hafi eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna og skuli ráðherra kveða nánar á um þá framkvæmd í reglugerð.

Fjármálaráðherra hefur kallað eftir umsögn fagfólks og hagsmunaaðila um áðurnefnt lagafrumvarp um breyting á lögum um ársreikninga og verður það aftur lagt fram nú á haustþingi til afgreiðslu.

Verði frumvarpið að lögum er ljóst að Íslendingar munu fylgja samþykkt Evrópu-ráðsins álíka vel og þær Evrópuþjóðir sem lengst ganga, t.d. Norðmenn. Í Svíþjóð munu fyrirtæki væntanlega geta valið um það hvort þau nota alþjóðastaðlana eða sambærilega innlenda staðla við gerð ársreikninga sinna, en þau verða að beita öðrum hvorum.

B) Þýðing IAS

Vegna innleiðingar alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna hefur verið lögð mikil vinna í að þýða á íslensku alla þá staðla sem Evrópusambandið hefur ákveðið að taka í notkun 1. janúar 2005 og túlkanir Alþjóða reikningsskilaráðsins á þeim. Fjármálaráðuneytið hefur haft forystu um þessa vinnu og fól það Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins og reikningsskilaráði að annast framkvæmd hennar. Starfsfólk Þýðingamiðstöðvarinnar hefur séð um að þýða textana en síðan hafa sérfræðingar fimm stærstu endurskoðunarstofa landsins yfirfarið þá til að tryggja faglegt öryggi þeirra og gæði. Sérstök ritnefnd reikningsskilaráðs hefur síðan séð um að samræma þýðingarnar og skapa eina heild.

Eins og gefur að skilja er þýðing staðlanna afar viðamikil verkefni. Í því formi sem þeir og túlkanir þeirra eru nú munu þeir vera á annað þúsund blaðsíður að lengd. Þess má geta til samanburðar að núverandi lög og reglur hér á landi um þessi efni rúmast á um 100 blaðsíðum. Staðlarnir gera auk þess miklar kröfur um nákvæmni við framsetningu og innihald efnis vegna lagagildis síns og þess hve sérhæfðir þeir eru. Við þá má hvorki bæta neinu né undanskilja og ekki er heldur leyfilegt að útskýra textana eða staðfæra þá. Að lokum verður að huga vel að innra samræmi í orðaforða, einkum notkun sérfræðihugtaka, heita og orðatiltækja. Til að tryggja þetta síðastnefnda hefur Þýðingamiðstöðin notað ákveðið þýðingaminni með yfir 700 lykilhugtökum alþjóðlegra reikningsskilastaðla bæði á íslensku og ensku.

Í lok ágústmánaðar á þessu ári hafði Þýðingamiðstöðin lokið við að þýða alla staðlana og túlkanir þeirra og nú hafa endurskoðunarskrifstofurnar einnig lokið við að yfirfara þá. Almennt virðast þýðingar hafa tekist vel og hafa sérfræðingar endurskoðunarstofanna lýst sig sáttá með þær. Ritnefndin á hins vegar eftir nokkurt verk við að samræma staðlana og ganga frá þeim í endanlegri gerð. Áætlað er að ljúka þeirri vinnu í októbermánuði. Þá verði staðlarnir settir á Netið og óskað eftir athugasemdum við þá. Gangi þetta eftir lýkur verkinu í nóvembermánuði og verður þá hægt að leggja staðlana fyrir Alþingi og til afnota fyrir alla. Við því er að búast að einhver álitamál komi þá fram og einnig eftir að farið verður að nota staðlana, t.d. um hugtök og almenna málbeitingu. Af þessum sökum má telja eðlilegt að þýðingin verði endur-

skoðuð að nokkrum árum liðnum og þá kannað hvort ástæða sé til að lagfæra þá að einhverju leyti. Úr þessu verður reynslan að skera.

Augljóst er að þýðing reikningsskilastaðlana verður mjög kostnaðarsöm vegna þess hve umfangsmikil og sérhæfð þessi vinna er, auk þess hve stuttur tími hefur gefist til vinnunnar. Gert er ráð fyrir að alls þurfi að leggja um 30 milljónir króna í verkefnið.

Reikningsskilaráð hefur kannað hvernig norrænum nágrannapjóðum okkar hefur gengið að þýða staðlana. Óhætt er að segja að sá samanburður komi ágætlega út fyrir okkur. Í Noregi og Danmörku er verkið talsvert skemmra á veg komið en hér. Þetta stafar m.a. af því að þessar þjóðir hafa lent í vandræðum með að fjármagna kostnað við þýðingu staðlanna. Á þessum vettvangi hefur stundum verið sagt að íslensk stjórnvöld séu eftirbátar annarra stjórnvalda við að sinna skyldum sínum á þessu sviði en svo er a.m.k. ekki í þetta sinn.

Ég tel ríka ástæðu til að geta þess að fjármálaráðuneytið hefur sinnt því viðfangsefni sem hér er til umfjöllunar með myndarskap, ekki bara með því að leggja fram fjármuni heldur líka með því að hafa forystu við að skipuleggja innleiðingu reikningsskilastaðlanna hér á landi. Þá hefur Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins leyst viðfangsefni sitt vel af hendi og að lokum er full ástæða til að þakka endurskoðunar-skrifstofunum fyrir sitt framlag.

4. Breytt umhverfi reikningsskila á Íslandi við upptöku IAS

Ljóst er að innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla mun hafa mikla breytingu í för með sér bæði fyrir þau félög sem skráð eru í Kauphöll Íslands og hin sem kjósa að taka upp staðlana á eigin ábyrgð. Til þess að gefa nokkra mynd af fjölda þessara félaga má geta þess að í lok síðasta árs voru 28 íslensk félög með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands talin gera samstæðureikningsskil. Þessi félög munu þurfa að semja reikningsskil sín samkvæmt nýju alþjóðastöðlunum frá og með 1. janúar 2005. Þá munu staðlarnir vitaskuld breyta miklu fyrir endurskoðendur og þá sem lesa ársreikninga og árshlutareikninga fyrirtækja.

Þar sem íslensk lög um reikningsskil hafa ekki þótt geyma fullnægjandi eða tæmandi ákvæði um allt sem varðar þetta efni var ákveðið að stofna sérstakt reikningsskilaráð með lögum nr. 95/1991 um breyting á lögum nr. 51/1968 um bókhald. Reikningsskilaráð er skipað fimm sérfróðum mönnum, einum tilnefndum af Félagi löggiltra endurskoðenda, öðrum af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, þriðja af Verslunarráði Íslands, sá fjórði skal vera ríkisendurskoðandi en sá fimmti skal skipaður án tilnefningar. Ráð þetta skal stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila, auk þess sem það skal gefa stjórnvöldum álit á því hvað telst vera góð reikningsskilavenja á hverjum tíma. Til að laga íslensk lög sem best að alþjóðlegum reikningsskilareglum hefur ráðið tekið mið af þeim reglum sem Alþjóða reikningsskilanefndin og ráðið hafa sett, auk þess sem það hefur haft hliðsjón af reglum Evrópusambandsins. Til þessa hefur reikningsskilaráð sent frá sér fimm reglur, ásamt inngangsorðum að þeim.

Þá hefur reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda um nokkurra ára skeið sinnt því hlutverki að fylgjast með þróun reikningsskila héraðs og erlendis og vinna að samræmingu þeirra. Fyrir stofnun Reikningsskilaráðs sendi nefndin frá sér drög að leiðbeinandi reglum um ýmis svið reikningsskila, auk álitsgerða. Á síðustu árum hefur hún aðallega svarað fyrirspurnum um einstök atriði varðandi reikningsskil ásamt því að gefa umsögn um drög að reglum Reikningsskilaráðs. Þá hefur Félag löggiltra endurskoðenda einnig sent frá sér gæðahandbók um feril endurskoðunar.

Augljóst er að tilskipun Evrópuráðsins leggur meiri ábyrgð og auknar kvaðir á herðar stjórnvalda, ekki aðeins við að innleiða staðlana heldur einnig við að viðhalda og hafa eftirlit með þeim. Þær kvaðir munu enn aukast ef Evrópuráðið hrindir í framkvæmd þeirri hugmynd sinni að setja sérstaka alþjóðastaðla um endurskoðun.

Gangi sú hugmynd eftir má telja eðlilegt að einum aðila hér á landi verði falið að hafa heildarumsjón bæði með reikningsskilum og endurskoðun. Það mun væntanlega hafa talsverð áhrif á starfsemi Reikningsskilaráðs og Félags löggiltra endurskoðenda á þessu sviði og til greina virðist koma að leggja Reikningsskilaráð hreinlega niður í óbreyttri mynd. Þá þarf að endurmeta lög um endurskoðun, m.a. hvað varðar hlutverk Endurskoðunarráðs og eftirlitshlutverk ráðherra með framkvæmd laganna.

5. Er þörf á að bæta reikningsskil og umhverfis- og starfsstöðu endurskoðenda?

A) Ársreikningalög

Á undanförunum árum hefur verið gagnrýnt að ársreikningalögin séu ekki í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og að þau hafi ekki fylgt þeirri þróun sem átt hefur sér stað erlendis. Vegna þessa hafa verið gerðar ýmsar breytingar á lögunum á undanförunum árum, eins og áður var vikið að. Í tengslum við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna sýnist hins vegar nauðsynlegt að endurskoða ársreikningalögin í heild sinni, ekki síst vegna þeirra félaga sem ekki taka upp staðlana, og aðlagða þau þeim kröfum sem settar eru fram í stöðlunum og eiga við þann fyrirtækjahóp.

B) Staðall fyrir smærri fyrirtæki

Alþjóða reikningsskilaráðið hefur litið svo á að alþjóðlegir reikningsskilastaðlar þess henti öllum fyrirtækjum, jafnt stórum sem smáum. Samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins er því öllum fyrirtækjum gert að fylgja þessu staðlasafni í einu og öllu. Á síðustu árum hefur Alþjóða reikningsskilaráðið engu að síður velt fyrir sér þeim möguleika að semja sérstaka alþjóðlega hágæða reikningsskilastaðla fyrir litlar og meðalstórar rekstrareiningar sem ekki eru skyldug til að opinbera reikningsskil sín. Ráðið hefur nú á þessu ári samið og kynnt drög að slíkum stöðlum. Markmiðið með þeim er að koma til móts við lítil og meðalstór fyrirtæki af áðurnefndri gerð sem óska eftir að nota alþjóðlega staðla, þ.e. spara þeim sem mest íþyngjandi vinnu og þann kostnað sem hlýst af innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna, án þess þó að víkja frá þeim meginreglum og hugtökum sem reikningsskilastaðlarnir eru byggðir á. Jafnframt yrðu slíkir staðlar lagaðir að þörfum lesenda ársreikninga fyrir upplýsingar sem skipta máli þegar hugað er að stjórnun fyrirtækjanna eða við fjárhagslegar ákvarðanir.

Verði slíkir alþjóðastaðlar samþykktir mun það hafa verulega þýðingu fyrir okkur Íslendinga þar sem flest fyrirtæki hér á landi falla í flokk lítilla eða meðalstórra fyrirtækja sem ekki eru skyldug til að opinbera reikningsskil sín. Það á þó ekki að

hindra þessi félög í að beita alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum kjósi þau það fremur, heldur einungis vera valkostur þeirra einna.

C) Endurskoðunarstaðlar og opinbert eftirlit með endurskoðendum

Nú er ljóst að alþjóðlegir reikningsskilastaðlar verða lögleiddir hér á landi frá og með næstu áramótum. Þar með er alþjóðavæðingu á sviði reikningsskila og endurskoðunar alls ekki lokið í bili. Hinn 16. mars á þessu ári (2004) lagði Evrópuráðið fram tillögu að breytingum á áttundu tilskipuninni um endurskoðun (*Proposal for a Directive of the European parliament and of the council on statutory audit of annual accounts and consolidated accounts and amending Council Directives 78/660/EEC and 83/349/EEC*). Í þessum tillögum eru ítrekaðar þær skyldur og gæðakröfur sem gerðar eru til löggiltra endurskoðenda, m.a. vegna nýlegra hneykslismála á þessu sviði í Evrópu og Bandaríkjunum. Lögð er áhersla á menntun endurskoðenda og óhæði, siðgæði þeirra, þagmælsku, ytra gæðaeftirlit og skyldubundið og opinbert gæðaeftirlit með störfum þeirra. Til að tryggja að þessum kröfum verði framfylgt er í reglugerðar-drögunum lagt til að komið verði á auknu samstarfi þeirra sem sjá um kerfisbundið eftirlit með endurskoðendum, jafnt innan bandalagsins sem utan þess, og að samdir verði alþjóðlegir gæðastaðlar um endurskoðun til að samhæfa slík störf og tryggja trúverðugleika endurskoðenda.

Lagt er til að þessi reglugerð taki gildi 1. janúar 2007 og ljóst er að margar þjóðir taka þær hugmyndir sem þar eru settar fram alvarlega. Danir eru t.d þegar farnir að ræða um það að reglugerðin muni fljótt kalla á breytingar á þarlendum lögum um endurskoðendur sem sett voru árið 2003. Ekki er óeðlilegt að gera ráð fyrir því að þessi alþjóðavæðing komi einnig til með að hafa áhrif á íslensk lög um endurskoðendur og þá gæðastaðla sem Félag löggiltra endurskoðenda hefur samið. Íslenskir endurskoðendur geta þess vegna átt von á að starfsumhverfi þeirra, starfsvenjur og viðmið breytist talsvert á komandi árum og að gerðar verði enn meiri kröfur til þeirra en hingað til. Ólíkt því sem verið hefur verði þær kröfur settar af öðrum en endurskoðendunum sjálfum. Það er því nokkuð ljóst að endurskoða þarf viðfangsefni Félags löggiltra endurskoðenda á þessu sviði eins og áður er getið um.

Ábyrgð og skyldur stjórnvalda

Evrópusambandið hefur lagt á það áherslu að stjórnvöld í aðildarríkjum þess tryggi að ákvæði tilskipana bandalagsins komist í framkvæmd og hafi eftirlit með þeim. Þetta á einnig við um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna. Ef hugað er að þeirri umræðu sem átt hefur sér stað á vegum Evrópusambandsins um hlutverk og stöðu endurskoðenda er sama uppi á teningnum. Þetta kallar enn og aftur á það að íslensk stjórnvöld búi sig undir það að taka að sér það framkvæmdar- og eftirlitshlutverk sem þessu fylgir. Í því samhengi þarf að gæta að því að eftirlitskerfið verði einfalt og skilvirkt, kostnaður verði hóflegur og að ekki verði gengið lengra í kröfugerð gagnvart fyrirtækjum en gert er í nágrannalöndum okkar.